

30 bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi 10. okt.
27. febr. 1874. Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðu-
nefnd ofan nefnds sparisjóðs.

31 Brjef landshöfðingja til framkvæmdarstjóra landsbankans um heimild til að
27. febr. vikja frá 23. gr. bankareglugjörðarinnar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra fram-
kvæmdarstjóri, í þóknanlegu brjefi, dags. 21. p. m., er þjer hafið ritað mjer í nafni
stjórnar landsbankans, framlengist hjer með fyrst um sinn heimild sú til að vikja frá 23.
gr. bankareglugjörðarinnar 5. júní 1886, sem bankastjórninni var veitt fyrir tveggja ára
tímabil með brjefi mínu, dags. 30. júní 1888, og sem annars væri útrunnin á kom-
andi sumri.

32 Brjef landshöfðingja til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um
7. marz. sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. p. m. hafið þjer herra amt-
maður sent mjer brjef hreppsnefndaroddivitans í Bæjarhreppi í Austur- Skaptafellssýslu,
þar sem hann áfrýjar til mín úrskurði yðar 24. okt. f. á., er staðfestir úrskurð sýslu-
mannsins í Skaptafellssýslu um sveitfesti gamalmennisins Ólafar Þorvarðardóttur í Bæ.
Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknan-
legrar ráðstöfunar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem tjeður
úrskurður yðar er byggður á, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtsmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Með þóknanl. brjefi, dags. 1. júlí p. á., hafið þjer hr. sýslumaður, sent amt-
inu brjef frá hreppsnefndinni í Bæjarhreppi, dags. 7. júní p. á. til amtsins, en með
því brjefi áfrýjar hreppsnefndin úrskurði yðar, uppkveðnum 9. marz p. á., um sveitfesti
Ólafar nokkurrar Þorvarðardóttur í Bæ, er ákveður að nefndur kvennmaður sje sveit-
lægur í Bæjarhreppi.

Af skjölum málsins sjest, að tjeð Ólöf Þorvarðardóttir fardagaárin 1871—1873
hefur verið á sveitarframfæri í Nesjahreppi í Skaptafellssýslu, og þá verið skoðuð þar
sem þurfalingur; en vorið 1873 fluttist hún þaðan án tilhlutunar sveitastjórnarinnar að
Bæ í Bæjarhreppi, og hefur síðan stöðugt dvalið þar hjá dóttur sinni og tengdasyni og
notið forsorgunar hjá þeim, án þess að þiggja sveitarstyrk, til vorsins 1888, að tengda-
sonur hennar sagði hana til sveitar í Nesjahreppi, en hreppsnefndin í síðastnefndum
hreppi hefur neitað að taka við nefndri Ólöfu til sveitarframfærzlu, fyrir þá sök, að
hún með dvöl sinni öll árin 1873—1888 samfleytt í Bæjarhreppi, án þess að þiggja á
því tímabili nokkurn sveitarstyrk, hafi unnið sjer þar sveit, en hreppsnefndin í Bæjar-
hreppi hefur aptur á móti haldið því fast fram, að Ólöf geti ekki hafa unnið sjer fram-
færslurjett þar í sveit, fyrir þá sök, að hún alla þá tíð, sem hún hafi dvalið þar, hafi verið
ómagi. Þessa ástæðu hreppsnefndar Bæjarhrepps hafið þjer með úrskurði yðar álitíð, að
ekki bæri að taka til greina, með því Ólöf hafi vitanlega verið «vistföst» í Bæjar-
hreppi samfleytt í meira en 10 ár, en til þess að geta heitið vistföst, útheimtist ekki,
að Ólöf hafi sjálf getað unnið fyrir sjer í 10 ár; það sje nóg í því tilliti, að hún hafi
dvalið í Bæjarhreppi löglegri dvöl samfleytt nefndan tíma hjá dóttur sinni, er tekið
hafði hana til sín.

Út af þessu vil jeg ekki láta hjá líða, að tjá yður til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar, að jeg fellst á úrskurð yðar í þessu máli og ástæður þær,
sem hann er byggður á, og er hann því hjer með staðfestur, sbr. Cancellibrjef 15. apríl
1843, dómsmálastjórnarbrjef 31. maí 1858 og 11. júlí 1866.